



Ágústa Kristófersdóttir safnvörður

Hún endurreisir Breiðholtið á viðamikilli sýningu í Listasafni Reykjavíkur.

DV-MYND E.ÓL.

Í Hafnarhúsinu verður á morgun opnuð sýning um Breiðholtið frá fyrstu hugmynd að fullbyggðu svæði:

Þau vildu bæta heiminn

„Þegar Breiðholtið var skipulagt var það í fyrsta skiptið sem íslenskir arkitektar fengu gersamlega óbyggt svæði þar sem ekki þurfti að taka tillit til neinnar byggðar, og skipulögðu fjölmenna byggð. Og þeir hrúguðu ekki bara saman húsum undir eins margt fólk og hugsanlegt var, þeir ætluðu að búa til hverfi þar sem gæti þrífist fagurt mannlíf. Þess vegna köllum við þessa sýningu „Byggt yfir hugsjónir“;“ segir Ágústa Kristófersdóttir, sagnfræðingur og safnvörður í Listasafni Reykjavíkur, sem nú leggur lokahönd á sýningu um Breiðholtið sem verður opnuð í Hafnarhúsinu á morgun kl. 16.

„Þegar ég skoðaði byggingarsögu Breiðholtsins fyrir BA-ritgerðina mína í sagnfræði 1997 um fjölbýlishús í Reykjavík þá sló það mig að arkitektarnir og skipulagshöfundarnir voru að gera svo miklu meira en að byggja hús. Þeir sáu fyrir sér að þeir gætu breytt samfélaginu með því að teikna hús sem þjónuðu fólki betur en hús hefðu gert áður – að þeir gætu jafnvel bjargað fólki með göðum húsum. Þeir vonuðu að þeir gætu gert heiminn betri með sínu framtaki. Mér fannst þetta svo fallett,“ segir Ágústa og yfir andlit hennar færir ljómandi bross.

Stærstu mistökinn

Það hafði verið viðvarandi húsnaðisskortur í Reykjavík alveg frá aldamótunum 1900, stundum alvarlegur. Eftir seinna stríð, þegar drjúgur hluti borgarbúa bjó í bröggum sem setuliðið hafði skilið eftir sig, varð krafan smám saman háværari um betra húsnaði handa láglaunafólki. Stjórnvöld brugðust við með margs konar aðgerðum, það voru byggð hús inni í Vogum, fólk fékk sérstök lán til að reisa sér hús í Smábúðahverfinu, það var byggt á Völlum vestur í bæ og reynt að saxa á þenna gríðarlega vanda. Í samningum árið 1964 gaf ríkisstjórnin verkalýðshreyfingunni loforð um að taka nú almennilega á þessu vandamáli og í júlífyrirlesningunni árið eftir var því lýst yfir að á næstu tíu árum yrðu byggðar 1250 íbúðir. Þá var þegar ákveðið að næsta byggingarland borgarinnar yrðu Breiðholtshæðirnar, og nú var ákveðið að finna öllu þessu félagslega húsnaði stað þar.

„Framkvæmdir voru þá hafnar í Neðra Breiðholti þar sem Stefán Jónsson og Reynir Vilhjálmsson höfðu skipulagt eitthvert skemmtilegasta fjölbýlishúshverfi sem maður finnur í Reykjavík,“ segir Ágústa, „sérstaklega barnvænt og gróðursælt. Þar fær Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar úthlutað nokkrum lóðum og byggir sín félagslegu hús. Enn var lítil almenn umræða um Breiðholtið, en þegar fyrstu íbúarnir fluttu inn í hús Framkvæmdanefndarinnar þá skellur umræðan á. Það er farið að tala um að þessar íbúðir séu ekki nógu góðar og þá strax fær Breiðholtið á sig hálfgerðan leiðindastimpil. Það var ekki fólkið heldur húsin sem var eitthvert vesen með.“

– Var það réttmætt, heldurðu?

„Ja, það féllu niður einhverjar eldhúsinnréttingar og það var hljóðbært í húsunum og sjálfsagt sitthvað fleira. En stimpillinn var samt sorglegur.“

Þó var haldið áfram að skipuleggja og ákveðið að Framkvæmdanefndin fái að skipuleggja næsta áfanga uppi á Breiðholtshvarfinu þar sem nú heitir Efra Breiðholt eða Breiðholt III. Geirharður Þorsteinsson og Hróbjartur Hróbjartsson skipulögðu allt það svæði sem 12.000 manna byggð. Þeir töldu að svo þétt byggð myndi skapa lífandi borgarstemningu og fólk myndi fyrr fá áttahagatilfinningu fyrir sínu hverfi. Hús Framkvæmdanefndar voru byggð í suðurhluta hverfisins, Fellahverfi, og ég held að það hafi verið stærstu mistökinn sem gerð voru í skipulagi Breiðholtsins. Að taka allt þetta svæði undir fjölbýlishús þar sem skipað var saman fjölskyldum sem áttu við mismunandi félagsleg eða fjárhagsleg vandamál að stríða, það jaðrar við mannvönsku.

Fellahverfið ber þess líka merki að menn voru að spara peninga, spara tíma, og vönduðu sig ekki nógu mikið,“ heldur Ágústa áfram. „Skýringin á löngu blokkinni sem nær frá Asparfelli að Þórufelli er sú meðal annars að Framkvæmdanefndin var búin að sjá hvað það var dýrt að setja gafla á hús og úthlutaði arkitektunum því ákveðnum fjölda af göflum. Þeir ákváðu þá að hafa 20 stigaganga í röð og bara tvo gafla! Þetta varð ókleifur hamar sem sker hverfið hreinlega í tvennt. Þarna brást hugsjónin. Auðvitað var dásamlegt að koma þaki yfir höfuðið á öllu þessu fólki sem bjó við ómurlegar aðstæður en það er ekki víst að þetta hafi orðið eins miklu betra og það átti að verða.“

Rós úr lofti

Menn lærðu af mistökunum og þegar verkamannabústaðirnir voru byggðir við Suðrhóla



Þau byggðu borg í Breiðholti

Hverfið hefur verið milli tannanna á Reykvíkum síðan það var í byggingu og nú verður saga þess rakin á viðamikilli sýningu í Hafnarhúsinu.

1975 voru þeir brotnir upp í minni einingar. „Það er skemmtilegt hverfi,“ segir Ágústa. „1970 fóru svo í gang framkvæmdir við Breiðholt II. Guðrún Jónsdóttir og Knútur Jeppesen skipulögðu það. Þau reyndu að bregðast við gagnrýninni sem hafði komið á Breiðholt III, lækkuðu byggðina – þarna eru engin háhýsi – og fengu væntanlega íbúa í lið með sér við að ákvarða útlit húsa. Þau skipulögðu fjölbýlishúsabyggðina á Fálkahól sem er kannski frægasti staðurinn í Seljahverfi, blokkirnar með skáhallapökunum, þar sem þau sáu fyrir sér lítill lokuð rými með gördum fyrir íbúana. Á myndum er þetta algert draumaland, og Guðrún sagði aðspurð að hverfið myndi líta út eins og rós úr lofti. Þessi orð urðu fleyg – mörgum fannst fáránlegt að búa í hverfi sem bara flugstjórar gætu notið! En þetta var auðvitað bara myndlíking sem hún greip til og skipulagið var miklu hugsaðra en svo. En byggingaverktakarnir vildu ekki byggja svona hús. Þeir fengu að breyta þeim og skipulagið

Meyja – móðir – drós



Á sunnudaginn kl. 17 flytja Ingveldur Ýr mezzósópran og Richard Simm píanóleikari Sigaunaljóð Brahms, frönsk kabarettlög og suður-evrópsk þjóðlög í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Ljóðatónleikarnir bera yfirskriftina „Meyja – móðir – drós“ enda skipar konan og margþættar hlíðar hennar öndvegi. Gestir mega búast við óvenjulegum tónleikum því Haraldur Karlsson mynd- og hljóðhönnuður kemur til liðs við Ingveldi og Richard og leikur sér með samspil tónlistar og myndlistar.

múm í Bæjarbíói

Í kvöld kl. 20 stendur Kvikmyndasafn Íslands fyrir kvikmyndatónleikum í Bæjarbíói, Hafnarfirði, í röðinni „Ný tónlist – gamlar myndir“ þar sem íslenskt tónlistarfólk semur og flytur nýja tónlist við þögla kvikmynd að eigin vali. Í þetta sinn flytur hljómsveitin múm frumsamda tónlist við rússneska meistaraverkið Beitiskipið Potemkin (1925) eftir Sergei Eisenstein.

Mörg atriði úr Potemkin eru fyrir löngu orðin að ógleymanlegum minnisvörðum kvikmyndasögunnar. Myndin þótti svo mögnuð á sínum tíma að hún var bönnuð í mörgum löndum (þ. á m. heimalandi sínu) vegna ótta stjórnvalda um að hún myndi hvetja almenning til blóðugra uppreisna.

Hljótt hefur verið um múm síðan þau luku upptöku á nýrri breiðskífu í sumar sem leið enda er helmingur hljómsveitarinnar búsettur í Berlín um þessar mundir og kemur hingað til lands sérstaklega til að leika á þessum tónleikum.

Kammertónlist

Á sunnudaginn kl. 17 (athugið breyttan tíma frá því sem áður var auglýst) verða kammertónleikar í Salnum þar sem leikin verða fimm nýleg verk eftir Erik Júlíus Mogensen tónskáld: Strengjakvartett No. 1 (2000), Svíta fyrir einleiksflautu (1999), Chant, fyrir óbó, fiölu, lágfiölu og selló (1997), Strengjakvartett No. 2 (Liljulgjöf 2001) og Svart & hvítt, fyrir klarínettu og píanó (2002).

Hópur úrvals flytjenda leikur þessi verk: Sigrún Eðvaldsdóttir, fiöla, Zbigniew Dubik, fiöla, Bryndís Halla Gylfadóttir, selló, Helga Þorarinisdóttir, víola, Peter Tompkins, óbó, Magnea Arnadóttir, flauta, Ármann Helgason, klarínnett, og Valgerður Andrésdóttir, píanó.

Jökull á Rás 1

Kl. 16.10 á morgun verður þátturinn Tikk-takk, tikk-takk, tikk-takk tekinn Úr gullkistunni og fluttur á Rás 1. Umsjónarmaður er Jökull Jakobsen leikskáld og í þættinum talar hann við tímafróða menn, Þorstein Sæmundsson stjarnfræðing, Sigurbjörn Einarsson biskup, Þorstein Gylfason heimspeking og Helga Guðmundsson úrsmið.

Line Knutzon líka

Kl. 14 á sunnudaginn verður flutt á Rás 1 leikritið Pétur og Máni í ljósi fjölmiðlanna eftir Line Knutzon sem þekkt er nú orðið hér á landi fyrir leikritið Fyrst er að fæðast sem sýnt er í Borgarleikhúsinu við miklar vinsældir. Þetta er eitt af þremur gamanleikritum sem Line hefur skrifað um Pétur og Mána og í því færir Pétur Mána þær óskemmtilegu fréttir að hann sé kominn á forsíður slúðurlaða fyrir að vera tikynhneigður maður með flugmannsréttindi. Máni verður þjóðþekktur og eftirsóttur viðmælandi í spjallþáttum, þvert gegn vilja sínum ... eða hvað?